

# Umbótaáætlun Öldutúnsskóla



**Yfirfarin haustið 2021**

Unnið af Arnóri Heiðarssyni

## Efnisyfirlit

Um Öldutúnsskóla .....	3
Innra mat í Öldutúnsskóla.....	3
Skólapúlsinn.....	3
Olweusarkönnun .....	4
Nemendasamtöl, rýnihópar og annað innra mat .....	4
Matsáætlun til fjögurra ára .....	5
Umbótaverkefni frá vetrinum 2020 – 2021.....	5
Niðurstöður úr innra mati veturinn 2020-2021 .....	11
Helstu niðurstöður úr nemendakönnun 6. – 10. bekkjar.....	11
Helstu niðurstöður úr foreldrakönnun .....	12
Helstu niðurstöður úr starfsmannakönnun .....	12
Niðurstöður úr nemendakönnun 1.-5. bekkjar .....	13
Sóknarfæri.....	13
Foreldrakönnun frá vetrinum 2020-2021 .....	13
Nemendakönnun 6. – 10. bekkur .....	13
Starfsmannakönnun eða Starfsmannapúls .....	14
Tillögur til úrbóta.....	14
Lokaorð.....	19
Viðaukar .....	20
Viðauki 1 – Heildarniðurstöður úr nemendakönnun .....	20
Viðauki 2 – Niðurstöður úr foreldrakönnun 2020-2021 .....	20
Viðauki 3 – Niðurstöður úr starfsmannakönnun, Starfsmannapúls .....	20

## Um Öldutúnsskóla

Öldutúnsskóli er næst elsti grunnskólinn í Hafnarfirði og sinnir hann stórum hluta miðbæjarins á mótum Lækjarskóla, oft kallaður suðurbærinn. Starfsemi skólans hófst 1961 og stækkaði skólinn gríðarlega hratt fyrstu árin og áratugina með auknum nemendafjölda sem síðan jafnaðist á seinni árum. Nú síðustu ár hefur fjölgað jafnt og þétt í skólanum og stefnir í að hann verði með rúmlega 600 nemendur næstu árin.

## Innra mat í Öldutúnsskóla

Í Öldutúnsskóla á sér stað stöðugt innra mat. Stærsta formlega könnunin sem unnin er í innra mati í skólanum er Skólapúlsinn en einnig er lögð fyrir Olweusarkönnun. Í skólanum er einnig markvisst unnið að samtölum við starfsfólk og nemendur. Starfsmannasamtöl eru lögð fyrir einu sinni á ári og er hluti nemenda fenginn í nemendarárýnihóp. Einnig er annarskonar mat lagt á skólustarfið og má þar nefna að stjórnendur hafa farið í kennslustundir hjá kennurum, kennarar taka nemendur í nemendasamtöl, spurningalisti er lagður fyrir foreldra og nemendur á samtalsdögum, foreldrar koma í skólann einu sinni á ári í foreldrasamtöl og margt annað sem ekki er tekið saman með formlegum hætti. Hér verður sagt í stuttu máli frá helstu matsaðferðum í Öldutúnsskóla.

### Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er kerfi sem allir grunnskólar í Hafnarfirði hafa notað um nokkurra ára skeið. Lagðar eru fyrir rafrænar kannanir fyrir nemendur í 1. – 10. bekk, foreldra og starfsfólk. Í *nemendakönnun* í 1. – 5. bekk er spurt út í ánægju af lestri, ánægju með skólann og vellíðan í skólanum. Í *nemendakönnun* í 6. – 10. bekk er spurningalistinn ítarlegri og fleiri þættir skoðaðir sem skiptast í virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsu, skóla og bekkjaranda og svo opin svör. Í *starfsmannakönnuninni* eru flokkarnir: starfið, starfsmenn, vinnustaðurinn, stjórnun og opin svör. Annað hvert ár er könnunin ögn ítarlegri og bætast þá við flokkarnir: Kennarar – kennarastarfið, kennarar – starfsumhverfi kennara, kennarar – símenntun kennara. Í *foreldrakönnun* er spurt út í nám og kennslu, velferð nemenda, aðstöðu og þjónustu, foreldrasamstarf, heimastuðning og opin svör.

Allir nemendur skólans taka nemendakönnun Skólapúlsins og er hún lögð fyrir jafnt og þétt yfir allt árið í 6. – 10. bekk en hinar kannanirnar eru lagðar fyrir yfir styttri tíma. Með

Því að notast við Skólapúlsinn getur skólinn skoðað árangur sinn frá ári frá ári á marktækan hátt og þannig fylgst með því hvernig skólinn þróast. Eins getur skólinn borið sig saman við landsmeðaltal sem gefur ágæta hugmynd um hvernig skólinn stendur á landsvísu.

### **Olweusarkönnun**

Olweusarkönnun er lögð fyrir einu sinni á ári í skólanum og er partur af Olweusaráætluninni sem er aðgerðaráætlun gegn einelti sem er með þær megináherslur að leggja áherslu á öfluga liðsheild til allra þeirra sem að skólastarfinu koma og vinna markvisst að forvarnarstefnu gegn einelti í samstarfi við foreldra, nemendur og starfsmenn. Olweusarkönnunin mælir hvort einelti sé til staðar, viðbrögð og afstöðu umhverfisins til eineltis, bendir á hvar og hvers konar einelti á sér stað og gefur vísbendingar um líðan nemenda og túlkun þeirra á ýmsum þáttum.

### **Nemendasamtöl, rýnihópar og annað innra mat**

Í skólanum eru ýmiskonar aðferðir notaðar við innra mat sem ekki er lögð áhersla á að halda utan um og safna gögnum úr heldur vinnur hver og einn úr þeim jafn óðum á þann hátt sem honum þykir best. Hér verður talið það helsta upp.

*Starfsmannasamtöl* eru lögð þannig fyrir að starfsfólk fyllir út þar til gert eyðublað og skilar til stjórnanda fyrir samtalið. Í samtalinu eiga sér stað samræður milli stjórnanda og starfsmanns um skólastarfið þar sem reynt er að safna saman athugasemdum frá kennurum til að nýta við innra mat.

*Nemendasamtöl* eru partur af Olweusaráætlun skólans en þar ræðir umsjónarkennari einslega við hvern og einn nemanda. Í samtalinu ræðir nemandi um líðan sína í skólanum, hvort hann viti um einhvern sem er mikið útundan, námsframvindu eða hvað annað sem liggur nemanda á hjarta.

*Foreldraviðtöl* eða *samtalsdagur* er haldinn einu sinni á önn í skólanum. Þar mæta foreldrar með barni sínu í skólann og ræða hvernig barninu gengur og líður í skólanum. Oft koma fram mikilvæg gögn á þessum dögum sem unnið er með jafn óðum og þau koma fram.

*Nemendarýnihópur* er hluti af því að skólinn er með agakerfi sem nefnist SMT og er það jákvætt agastjórnunarkerfi sem er notað í öllum grunnskólum Hafnarfjarðar. eru tveir nemendur, einn á hvorri önn, úr hverjum bekk valdir til að koma og sitja í nemendarýnihóp þar sem rætt er um hvernig SMT kerfið er unnið í skólanum og geta

krakkarnir komið með gagnrýni á það kerfi. Þessum upplýsingum er safnað saman af SMT teymi skólans og unnið með þær niðurstöður með starfsfólki skólans.

*Heimsóknir stjórnenda* hafa færst ögn í aukana en þá koma stjórnendur inn í kennslustund og doka þar stutt við. Líklega mun þetta vera nýtt enn frekar á næstu árum og verður sú vinna færð í fastari form þegar það verður gert.

*Rýnihópar starfsmanna* eru haldnir að hausti. Þar eru valdir tveir til þrjú umræðuþættir til að ræða með starfsmönnum. Matsteymi hittir þá starfsmenn allra stiga og svo aðra starfsmenn á fundum þar sem hver hópur ræðir þá þætti sem eru undir og kemur með tillögur að því hvernig hægt er að bæta viðfangsefnið sem um er rætt.

### Matsáætlun til fjögurra ára

Eins og áður hefur komið fram þá á sér stað stöðugt innra mat í skólanum. Að vori er lagt upp með verkefni sem ráðgert er að vinna til að bregðast við þeim sóknarfærum sem verða. Unnið er samkvæmt neðangreindri matsáætlun.

Matsþættir	2021-2022	2022-2023	2023-2024	2024-2025
Nemendakönnun Skólapúlsins 6.-.10. b.	X	X	X	X
Foreldrakönnun Skólapúlsins		X		X
Starfsmannakönnun	X (ítarlegri)	X	X (ítarlegri)	X
Eineltiskönnun	X	X	X	X
Nemendakönnun Skólapúlsins 1. – 5. b.		X		X

### Umbótaverkefni frá vetrinum 2020 – 2021

Haustið 2020 setti skólinn sér fyrir ákveðin verkefni sem ráðast átti í fyrir veturinn. Hér verður farið yfir þau verkefni sem sett voru fyrir og gert upp hvernig gekk.

#### Verkefni 1

Að bæta aðstöðu til að matast í skólanum

*Hver ber ábyrgð:* Stjórnendur og umsjónarmaður fasteignar

*Hvernig er verkefnið unnið:* Skipt um loft og hljóðvist bætt.

*Áætluð verklok:* Hausti 2020

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr nemendakönnun og foreldrakönnun Skólapúls skoðaðar veturinn 2020-2021

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Ennþá töluvert kvartað undan hávaða en þó kom það ekki fram í Skólapúls. Hávaðinn vissulega minni en ljóst að það þarf að skoða þetta betur. Verkefnið þó ekki áfram í umbótaáætlun.

## Verkefni 2

Bæta samskipti heim til foreldra

*Hver ber ábyrgð:* Kennarar og deildarstjórar stiga

*Hvernig er verkefnið unnið:* Kennarar senda vikupósta og afrit sent til deildarstjóra

*Áætluð verklok:* Á ekki við

*Hvernig mælt:* Vorið 2021 fara deildarstjórar yfir það hvort þeir fengu örugglega reglulega vikupósta frá sínum kennurum

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Vikupóstur fór heim frá öllum kennurum í 1.-7. bekk svo til vikulega. Upplýsingagjöf til foreldra kemur vel út í foreldrakönnun. Verkefni lokið en mikilvægt að tryggja að það haldi sér áfram.

## Verkefni 3

Efla eftirfylgni umsjónarkennara með umsjónarnemendum sínum á unglíngastigi og bæta samband nemenda við kennara.

*Hver ber ábyrgð:* Umsjónarkennarar og deildarstjóri unglíngastigs

*Hvernig er verkefnið unnið:* Umsjónarkennarar vekja athygli á því að þeir eru nemendum innan handar og bjóða þeim að koma til sín í frímínútum

*Áætluð verklok:* Veturinn 2020-2021

*Hvernig mælt:* Niðurstöður nemendakönnunar skólapúlsins vorið 2021 skoðaðar

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Samband nemenda við kennara í nemendakönnun mælist töluvert yfir landsmeðaltali í 8. bekk en töluvert undir landsmeðaltali í 9. bekk og aðeins undir í 10. bekk. Í foreldrakönnun mælist frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi töluvert undir landsmeðaltali. Verkefnið er því áfram í umbótaáætlun.

#### Verkefni 4

Bæta samráðsvettvang kennara á unglingastigi er lýtur að heimavinnu nemenda til að dreifa álagspunktum.

*Hver ber ábyrgð:* Kennarar á unglingastigi og deildarstjóri unglingadeildar

*Hvernig er verkefnið unnið:* Ákveðið að allir kennarar noti Mentor til að setja inn próf eða verkefni. Gæta þarf að skrá það rétt inn og að hver og einn kennari skoði Mentor vel áður en sett er fyrir próf eða verkefni. Kennarar séu sveigjanlegir í dagsetningum og færi próf milli daga eftir því sem heppilegt er. Á tveggja vikna fresti hittist kennarar og ræði gróflega plan sín á milli fyrir næstu vikur.

*Áætluð verklok:* Verkið er unnið strax og tekið í gagnið

*Hvernig mælt:* Niðurstöður nemendakönnunar veturinn 2020-2021 skoðaðar

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Nemendur minnst ekkert á þetta í opnum svörum, ólíkt fyrri árum. Metið sem svo að verkefnið hafi heppnast.

#### Verkefni 5

Tryggja að reglulegar úrbætur séu unnar á húsnæði skólans og að gerð sé verkáætlun sem er opin bæjarbúum Hafnarfjarðar ásamt því að haldið er utan um þær endurbætur sem gerðar hafa verið á skólanum og þær einnig opnar bæjarbúum

*Hver ber ábyrgð:* Skólastjóri og umsjónarmaður fasteignar

*Hvernig er verkefnið unnið og verklok:* Áætlað að verkáætlun fyrir árið 2021 sé tilbúin í apríl 2021 og að búið sé að taka saman lista yfir endurbætur sem unnar voru árið 2020 í mars 2020.

*Hvernig mælt:* Við gerð umbótaáætlunar 2021 er skoðað hvort þessi verkefni hafi verið kláruð

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Verkáætlun þar sem farið er yfir hvað hefur verið gert og hvað á að gera er til og kynnt í Skólaráði. Verkefnið er tekið úr umbótaáætlun

### Verkefni 6

Endurskoða fyrirkomulag á nemendasjoppu á unglíngastigi

*Hver ber ábyrgð:* Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri unglíngastigs

*Hvernig er verkefnið unnið:* Samráðsfundur skólastjóra með stjórn foreldrafélagsins, taka þetta upp með stjórn nemendafélagsins og svo ræða á skólapingi (vonandi).

*Áætluð verklok:* Janúar 2021

*Hvernig mælt:* Nýtt fyrirkomulag komið í gagnið í upphafi árs 2021

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Þessu verkefni var ekki fylgt eftir veturinn 2020-2021 vegna Covid – 19 heimsfaraldurs. Verkefnið er sett aftur á umbótaáætlun fyrir veturinn 2021-2022

### Verkefni 7

Að efla sjálfstraust og sjálfsmynd barna í skólanum, þá sérstaklega stúlkna

*Hver ber ábyrgð:* Námsráðgjafi og henni til aðstoðar. Deildarstjórar stiga og hjúkrunarfræðingur

*Hvernig er verkefnið unnið:* Fræðsla og fyrirlestrar

*Áætluð verklok:* Vorið 2021

*Hvernig mælt:* Skoðað eftir veturinn hverjir voru fengnir til að koma

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Þessu verkefni var ekki fylgt eftir veturinn 2020-2021 vegna Covid – 19 heimsfaraldurs og því lítið rými til að fá fræðslu inn til nemenda. Verkefnið er því sett aftur á umbótaáætlun 2021 – 2022

### Verkefni 8

Bæta skýrleika hlutverks hjá almennum starfsmönnum

*Hver ber ábyrgð:* Aðstoðarskólastjóri



*Hvernig er verkefnið unnið:* Tryggt er hver er næsti yfirmaður skólaliða og stuðningsfulltrúa, sem er aðstoðarskólastjóri, og þeim gert ljóst að þeir geti alltaf leitað til hans ef verkefni eru óljós.

*Áætluð verklok:* Hausti 2020

*Hvernig mælt:* Niðurstöður í starfsmannapúls skoðaðar 2021

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Skólinn mælist sambærilegur og á síðasta ári í skýrleika hlutverks. Ekki var hægt að skoða sérstaklega niðurstöður hjá almennum starfsmönnum og því erfitt að sjá hvernig heppnaðist. Verkefnið álitid lokið en mikilvægt að fylgja því eftir í næstu starfsmannakönnun og halda áfram með það sem þegar hefur verið gert.

### Verkefni 9

Tryggja að starfsmenn fái vettvang til að hafa skoðun á því hvernig þeir vilji vinna dagleg verkefni í skólanum og að þeir hafi áhrif á þau.

*Hver ber ábyrgð:* Stjórnendur

*Hvernig er verkefnið unnið:* Rýnihópar hafðir einu sinni í mánuði þar sem rýnt er í daglegt starf skólans. Umræður fengnar um það hvernig hlutir eru gerðir og samræður látnar eiga sér stað um það hvort hlutirnir séu nægilega vel gerðir og hvort hægt sé að gera þá öðruvísi.

*Áætluð verklok:* Vorið 2021

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr starfsmannapúls skoðaðar.

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Ágreiningur um hlutverk lækkar um 0,6 á milli ára. Verkefnið metið hafa heppnast og tekið úr umbótaáætlun.

### Verkefni 10

Tryggja að starfsmenn skilji vinnuna sína eftir í vinnunni og nái að koma í veg fyrir að vinnan hafi áhrif á daglegt líf heimafyrir.

*Hver ber ábyrgð:* Sameiginleg ábyrgð allra starfsmanna

*Hvernig er verkefnið unnið:* Starfsmenn hvattir til að skoða ekki tölvupóstinn heima og alls ekki svara honum. Þeir hvattir til að takmarka heimavinnu eins og hægt er. Kennarar hvattir til að ræða mikið saman innan teyma og hjálpa hvert öðru. Tryggja þá umræðu að við séum saman í þessu og átak gert í þeirri orðræðu.

*Áætluð verklok:* Vorið 2021

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr starfsmannapúls skoðaðar

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Skörun á milli vinnu og einkalífs minnkar um 0,6 á milli ára. Verkefnið metið hafa heppnast og tekið úr umbótaáætlun.

## Verkefni 11

Tryggja að tilkynningar um einelti innan skólans

*Hver ber ábyrgð:* Öryggisnefnd skólans

*Hvernig er verkefnið unnið:* Farið yfir ferilinn um hvernig einelti er tilkynnt og kynnt fyrir öllum starfsmönnum. Fara yfir þetta á starfsmannafundi og deildarfundum þannig að það sé öruggt að allir þekki ferilinn. Einnig sett inn í starfsmannahandbók

*Áætluð verklok:* Strax á haustmánuðum 2020

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr starfsmannakönnun skoðaðar

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Einelti lækkar töluvert á milli ára. Verkefnið metið hafa heppnast og tekið úr umbótaáætlun.

## Verkefni 12

Vinna í því að starfsmenn fái markvisst hrós og að þeir fái umbun fyrir vel unnin störf.

*Hver ber ábyrgð:* Stjórnendur og aðrir starfsmenn

*Hvernig er verkefnið unnið:* Stjórnendur séu duglegir að miðla hrósi áfram til starfsmanna og eins séu duglegir, með skipulegum hætti, að hrósa sínu fólki og passa að enginn verði útundan. Passa að hrósið sé markvisst og skýrt, ekki ósvipað eins og í SMT kerfinu. Stjórnendur komi reglulega inn í stofur kennara og tengist þannig kennara í starfi og ræði kennslustundina eftir á.

*Áætluð verklok:* Vorið 2021

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr starfsmannapúls skoðaðar

*Mat á hvernig verkefnið heppnaðist:* Mælist ennþá lægra en við viljum sjá. Því sett aftur inn í umbótaáætlun fyrir næsta vetur.

## **Niðurstöður úr innra mati veturinn 2020-2021**

Niðurstöðurnar sem teknar eru hér saman koma úr Skólapúlsinum þar sem nemendakönnun í 6. – 10. bekk er skoðuð ásamt starfsmannakönnun og foreldra-könnun. Niðurstöður úr nemendakönnun og foreldrakönnun voru kynntar fyrir starfsmönnum skólans haustið 2021

### **Helstu niðurstöður úr nemendakönnun 6. – 10. bekkjar**

Hér má sjá helstu niðurstöður úr nemendakönnun í 6. – 10. bekk veturinn 2020 – 2021

#### Skólinn

- ...mælist yfir landsmeðaltali í 16 liðum af 18
  - Ánægja af lestri
  - Þrautseigja í námi - marktækt
  - Áhugi á stærðfræði – marktækt
  - Trú á eigin vinnubrögð í námi
  - Trú á eigin námsgetu – marktækt
  - Sjálfsálit – marktækt
  - Stjórn á eigin lífi – marktækt
  - Velliðan
  - Einelti (mælist undir) - marktækt
  - Tíðni eineltis (mælist undir) - marktækt
  - Hollt mataræði
  - Samsömun við nemendahópinn – marktækt
  - Samband nemenda við kennara – marktækt
  - Agi í tímum – marktækt
  - Virk þátttaka nemenda í tímum – marktækt
  - Tíðni leiðsagnarmats
- ...mælist undir landsmeðaltali í 2 liðum af 18

- Ánægja af náttúrufræði
- Tíðni hreyfingar - 2 í viku eða oft
- ...mælist hærrí á milli ára í einum lið
- ...mælist eins á milli ára í fjórum liðum
- ...mælist lægri á milli ára í 13 liðum

Hægt er að skoða heildarniðurstöður úr könnuninni í viðauka 1

### **Helstu niðurstöður úr foreldrakönnun**

Hér má sjá helstu niðurstöður úr foreldrakönnun skólans veturinn 2020 – 2021

#### Skólinn

- ...mælist yfir landsmeðaltali í 21 liðum af 32
- ...mælist marktækt yfir landsmeðaltali í 9 liðum af 32
  - Ánægja foreldra með nám og kennslu í skólanum.
  - Ánægja foreldra með stjórnun skólans.
  - Hæfilegur agi í skólanum að mati foreldra.
  - Ánægja foreldra með samskipti starfsfólks við nemendur.
  - Líðan nemenda í kennslustundum að mati foreldra almennt.
  - Ánægja foreldra með úrvinnslu skólans á eineltismálum.
  - Ánægja foreldra með eineltisáætlun skólans.
  - Meðaltímabil eineltis
  - Hæfileg heimavinna að mati foreldra
- ...mælist einu sinni marktækt undir landsmeðaltali
  - Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum.
- ...mælist hærrí á milli kannana í 12 liðum af 32
- ...mælist lægri á milli kannana í 19 liðum af 32

Hægt er að skoða heildarniðurstöður úr foreldrakönnun skólans í Viðauka 2.

### **Helstu niðurstöður úr starfsmannakönnun**

Hér má sjá helstu niðurstöður úr starfsmannakönnun skólans veturinn 2020 – 2021

#### Skólinn

- ...mælist með jákvæðari niðurstöðu en landið í 11 liðum
- ...mælist með marktækt jákvæðari niðurstöðu en landið í tveimur liðum
  - Skuldbinding til vinnustaðarins og mismunun.
- ...mælist marktækt yfir landsmeðaltali í þremur liðum
  - Jákvæðar áskoranir í starfi
  - Skuldbinding til vinnustaðarins
  - Samráð um kennslu
- ...mælist marktækt yfir landsmeðaltali í einelti (annar en þú)

Hægt er að skoða heildarniðurstöður úr starfsmannakönnun skólans í Viðauka 3.

### **Niðurstöður úr nemendakönnun 1.-5. bekkjar**

Hér má sjá helstu niðurstöður úr nemendakönnun í 1. – 5. bekk veturinn 2020 – 2021

### **Sóknarfæri**

Niðurstöðurnar úr þessum könnunum benda til þess að almenn ánægja sé með skólastarf í Öldutúnsskóla. Flestir liðir koma jákvætt út en þegar rýnt er í niðurstöðurnar má þó sjá að hægt er að finna þó nokkur sóknarfæri. Hér verða þessir þættir punktaðir upp og má lesa tillögur til úrbóta aftur í áætluninni.

### **Foreldrakönnun frá vetrinum 2020-2021**

- Frumkvæði kennara að foreldrastarfi mælist töluvert undir landsmeðaltali á unglíngastigi
- Ánægja foreldra með máltíðir í mötuneyti lækkar mikið á milli ára.
- Þátttaka foreldra í gerð námsáætlunar með nemandanum mælist mjög lágt, lægst á landinu. Yfir 80% foreldra finnst samt mikilvægt að það sé gert.

### **Nemendakönnun 6. – 10. bekkur**

- Ánægja af lestri hefur lækkað töluvert á milli ára.
- Ánægja af lestri lækkar töluvert úr 7. í 8. bekk hjá öllum árgöngum í unglíngadeild.
- Stelpur eru almennt að lækka mikið í skólanum í mörgum liðum. Þarf að huga að þeim. Sérstaklega þegar kemur að sjálfsáliti og vellíðan.
- 9. bekkur mælist allur lágur og er að lækka mikið á milli ára í flestum liðum.

- 40% nemenda segjast ekki eða eiginlega ekki getað notað bókasafnið til upplýsingaöflunar fyrir skólaverkefni
- 26% nemenda segja að kennari ræði aldrei eða næstum aldrei um það sem gengur vel og það sem gengur illa hjá sér í náminu
- 27,3% nemenda segja að kennarar segi sér aldrei eða næstum aldrei hvað þarf að gera til að ganga betur í náminu.
- Í opnum svörum má sjá vaxandi óánægju nemenda með matinn. Margir sem segja að hann sé ekki nægilega góður.
- Skólinn er að lækka í nánast öllum liðum annað árið í röð.

### **Starfsmannakönnun eða Starfsmannapúls**

- Ánægja með vinnuaðstöðu mælist marktækt undir landsmeðaltali þar sem um 37% segjast vera frekar eða mjög óánægðir með húsnæði og aðstöðu á vinnustaðnum.
- Stuðningur frá samstarfsfólki mælist marktækt undir landsmeðaltali og lækkar töluvert á milli ára.
- Stjórnunarpátturinn kemur allur undir landsmeðaltali þar sem stuðningur frá næsta yfirmanni og valdeflandi forysta mælist marktækt undir landsmeðaltali.

Í opnum svörum koma eftirfarandi atriði fram

- Fylgja þarf gerð símats og hæfnikorta betur eftir.
- Fylgja þarf betur eftir að kennarar séu að skrá í dagbók Mentor, bæði hrós og löst
- Húsnæðið orðið of lítið og kennt sé frammi á gangi í staðin fyrir að hafa rými
- Betra úrræði vantar fyrir erfið hegðunarmál til að grípa inn í t.d. eftir frímínútur.
- Vantar að starfsmannasamtöl séu ekki alltaf við næsta yfirmann.

### **Tillögur til úrbóta**

Fyrsta sem þarf að hafa í huga þegar unnið er að tillögum til úrbóta er mikilvægt að hafa nokkra þætti í huga. Fyrst má velta fyrir sér hvort skólinn vilji yfir höfuð bæta niðurstöðurnar eða hvort niðurstöðurnar séu viðunnandi. Næst þarf að velta fyrir sér hvað nákvæmlega er að, kemur það skýrt fram í niðurstöðunum hvað er að eða er þörf á frekari athugun á því hvað nákvæmlega bjátar á? Ef það er niðurstaðan er mikilvægt að fara sem fyrst í þá vinnu svo hægt sé að bregðast sem hraðast við. Ef ljóst er hver

vandinn er, ef svo má að orði komast, þarf að koma með tillögur um hvað hægt er að gera. Oft getur verið gott að koma með fleiri en eina tillögu, þá þarf að velta fyrir sér hvernig á að útfæra hana og hver á að bera ábyrgð á því. Þegar úrbætur eru komnar í framkvæmd er mikilvægt að sýna þolinmæði og bíða og sjá hvort úrbæturnar skili sér. Oft tekur það lengri tíma en búist er við að sjá framför en fólk hefði viljað. Þegar viðunnandi tími hefur liðið getur verið gott að gera stutta athugun á því hvort úrbætur hafi skilað sér. Einnig er hægt að einfaldlega bíða eftir því að næsta könnun verði lögð fyrir. Skólakerfið er seigfljótandi og breytingar gerast hægt. Því er mikilvægt að gefa breytingum góðan tíma til að verða að veruleika. Eins er mikilvægt að hafa í huga að ætla sér ekki of mikið og oft getur verið gott að setja sér nokkur markmið sem ætlað er að ná fyrir ákveðin tíma, t.d. fyrir lok skólaárs. Þá gæti verið sniðugt að nýta vorið og sumarið til að vinna úr úrbótum og niðurstöðum kannana sem settar hafa verið fyrir. Í upphafi hausts er hægt að skoða þau markmið sem sett voru fyrir ári síðan og setja sér ný markmið og/eða halda áfram að vinna að þeim markmiðum sem hafa verið sett. Hér að neðan verða talin upp þau atriði sem markvisst verða tekin fyrir veturinn 2020-2021. Í umbótaáætlun fyrir veturinn 2020-2021 verður sér kafli þar sem farið er yfir þessi atriði og staðan á þeim tekin fyrir.

### Verkefni 1

Að efla sjálfstraust og sjálfsmynd barna í skólanum, þá sérstaklega stúlkna

*Hver ber ábyrgð:* Vakinn athygli á þessum niðurstöðum og niðurstöðum bæjarins og farið í miðlægt verkefni hjá Hafnarfjarðarbæ.

*Hvernig er verkefnið unnið:* Fræðsla og fyrirlestrar

*Áætluð verklok:* Vorið 2021

*Hvernig mælt:* Skoðað eftir veturinn hverjir voru fengnir til að koma og niðurstöður úr skólapúls vorið 2022 skoðaðar

### Verkefni 2

Efla eftirfylgni umsjónarkennara með umsjónarnemendum sínum á unglíngastigi og bæta samband nemenda við kennara.

*Hver ber ábyrgð:* Umsjónarkennarar og deildarstjóri unglingastígs

*Hvernig er verkefnið unnið:* Bekkjarfundum er gert hærra undir höfði í vetur. Aðrir tímar notaðir fyrir almennar tilkynningar eða önnur verkefni. Umsjónarkennarar nýta tímann vel með sínum bekk í umræðuefni og samtöl.

*Áætluð verklok:* Veturinn 2020-2021

*Hvernig mælt:* Niðurstöður nemendakönnunar skólapúlsins vorið 2022 skoðaðar

### Verkefni 3

Vinna í því að starfsmenn fái markvisst hrós og að þeir fái umbun fyrir vel unnin störf.

*Hver ber ábyrgð:* Stjórnendur og aðrir starfsmenn

*Hvernig er verkefnið unnið:* Stjórnendur séu duglegir að miðla hrósi áfram til starfsmanna og eins séu duglegir, með skipulegum hætti, að hrósa sínu fólki og passa að enginn verði útundan. Passa að hrósið sé markvisst og skýrt, ekki ósvipað eins og í SMT kerfinu. Stjórnendur komi reglulega inn í stofur kennara og komi tengist þannig kennara í starfi. Opnað á faglegar umræður um kennslu í auknum mæli á milli kennara og yfirmanna bæði formlega og óformlega.

*Áætluð verklok:* Vorið 2022

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr starfsmannapúls skoðaðar

### Verkefni 4

Láta Skólamat vita af minnkandi ánægju með matinn í skólanum og gefa þeim tækifæri til að bregðast við

*Hver ber ábyrgð:* Aðstoðarskólastjóri

*Hvernig er verkefnið unnið:* Niðurstöður úr könnunum síðustu tveggja ára teknar saman og sendar á Skólamat.

*Áætluð verklok:* Haustið 2021

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr Skólapúls skoðaðar 2021 – 2023



## Verkefni 5

Hvetja nemendur í samvinnu við foreldra að setja sér markmið fyrir veturinn er lýtur að námsárangri og frammistöðu í námi.

*Hver ber ábyrgð:* Deildarstjórar stiga og umsjónarkennarar

*Hvernig er verkefnið unnið:* Kennarar vinna markmiðatengd verkefni með nemendum sínum að hausti og aftur á vorönn.

*Áætluð verklok:* Veturinn 2021 - 2022

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr foreldrakönnun 2022 – 2023

## Verkefni 6

Ná betri samfellu í skólanum er lýtur að lestri, niðurstöðum og áhuga þannig að allur skólinn komi jafn vel út.

*Hver ber ábyrgð:* Deildarstjórar stiga og lestrarkennarar

*Hvernig er verkefnið unnið:* Læsisstefnu skólans sé haldið á lofti og að eftir henni sé farið. Notaðar fjölbreyttar aðferðir við lestrarkennslu og nemendur látnir lesa reglulega í skólanum. Læsissteymið undirbúi tékklista sem farið er yfir með lestrarkennurum til að tryggja að farið sé í alla þætti lestrarkennslu í öllum árgöngum. Bókakostur skólans uppfærður og reynt að finna meira efni sem nær betur til áhuga nemenda og aldurs. Farið sé markvisst í að grípa nemendur með lestrarvanda fyrr og styðja betur við þá.

*Áætluð verklok:* Vorið 2023 sé búið að fara yfir alla þessa þætti

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr skólapúls og lesfímiprófum skoðaðar.

## Verkefni 7

Bæta niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins hjá 10. bekk sem kom illa út veturinn 2020 – 2021

*Hver ber ábyrgð:* Deildarstjóri unglíngastígs og skólastjóri

*Hvernig er verkefnið unnið:* Árgangnum er skipt í þrjá bekk í staðin fyrir tvo.

*Áætluð verklok:* Haustið 2020

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr nemendakönnun Skólapúlsins veturinn 2021 – 2022 skoðaðar

### Verkefni 8

Efla upplýsingalæsi nemenda á bókasafni þannig að þeir geti nýtt bókasafnið við upplýsingaöflun til jafns á við önnur verkfæri.

*Hver ber ábyrgð:* Bókasafnsfræðingur, deildarstjóri UT og umsjónarkennarar

*Hvernig er verkefnið unnið:* Nemendur í 5. – 10. bekk koma í verkefni á bókasafninu þar sem þeir læra um upplýsingalæsi á bókasafni.

*Áætluð verklok:* Vorið 2022

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr Skólapúls 2022 og 2023 skoðaðar.

### Verkefni 9

Efla stuðning frá samstarfsfólki þannig að allir starfsmenn upplifi að þeir geti fengið stuðning og aðstoð við verkefni sín.

*Hver ber ábyrgð:* Allir starfsmenn

*Hvernig er verkefnið unnið:* Samtalið er tekið strax að hausti og aftur um miðjan vetur þar sem við minnum á að saman erum við sterkari. Þeir sem eiga í góðu samstarfi fengnir til að vekja athygli á því til að ná hinum á vagninn.

*Áætluð verklok:* Vorið 2021

*Hvernig mælt:* Niðurstöður úr starfsmannakönnun 2021 - 2022

### Verkefni 10

Unnið að því að kortleggja óánægju með stjórnendateymi skólans og vinna með starfsfólki skólans að meiri ánægju með það.

*Hver ber ábyrgð:* Skólastjóri í samvinnu við stjórnendur skólans

*Hvernig er verkefnið unnið:* Skólastjóri ræðir við alla stjórnendur skólans um þá þætti sem þarf að bæta og vinnur í samstarfi við þá að því að bæta þá þætti sem um ræðir.

*Áætluð verklok: Vorið 2022*

*Hvernig mælt: Niðurstöður úr starfsmannakönnun 2022 skoðaðar.*

## **Lokaorð**

Niðurstöður úr flestum könnunum sem lagðar eru fyrir í Öldutúnsskóla koma jákvætt út. Skólinn kemur yfir landsmeðaltali í flestum liðum og almenn ánægja virðist ríkja um starfsemi skólans. Á hverju ári má samt finna sóknarfæri og ljóst að ákveðnum þáttum þarf að bregðast við. Sú menning hefur myndast innan skólans að það sé mikilvægt að nýta allar niðurstöður til samtals og þannig efla góðan skóla. Áfram er töluverð ánægja á öllum stigum skólans þó að það megi ávallt finna verkefni til að efla starfsemina enn frekar. Skólastarf gengur í hringi og oft hefur verið sagt að fullkomin náist aldrei í skólastarfi. Það er því alltaf hægt að seilast lengra og sækja að því markmiði að gera betur í dag en í gær. Eitt af lykilatriðum lærdómsfélags er að geta átt hreinskilið samtal um gæði starfsins og geta horfst í augu við það sem betur má fara með það að markmiði að gera skólastarfið betra. Oft getur verið erfitt að taka gagnrýni en þá er mikilvægt að hafa í huga að markmið gagnrýnnar á alltaf að vera aukin gæði á skólastarfinu í heild. Öldutúnsskóla hefur tekist vel að vinna á áskorunum síðustu ár og ljóst er að spennandi tímar eru framundan í skólastarfinu í suðurbænum í Hafnarfirði.

## **Viðaukar**

### **Viðauki 1 – Heildarniðurstöður úr nemendakönnun**

[https://hafnarfjardarkaupstadur-my.sharepoint.com/:p:/g/personal/arnor\\_heidarsson\\_oldutunsskoli\\_is/ESiMpgTpY1IPm\\_9brXLeH\\_8BglopkfqVmo-HtpGhjM\\_F1A?e=I2EMYA](https://hafnarfjardarkaupstadur-my.sharepoint.com/:p:/g/personal/arnor_heidarsson_oldutunsskoli_is/ESiMpgTpY1IPm_9brXLeH_8BglopkfqVmo-HtpGhjM_F1A?e=I2EMYA)

### **Viðauki 2 – Niðurstöður úr foreldrakönnun 2020-2021**

[https://hafnarfjardarkaupstadur-my.sharepoint.com/:p:/g/personal/arnor\\_heidarsson\\_oldutunsskoli\\_is/EUv-TJEvjCJBgH4zfKi9RSMBnmY6D-TfWmgFk9YbA\\_H-UA?e=b4YHHD](https://hafnarfjardarkaupstadur-my.sharepoint.com/:p:/g/personal/arnor_heidarsson_oldutunsskoli_is/EUv-TJEvjCJBgH4zfKi9RSMBnmY6D-TfWmgFk9YbA_H-UA?e=b4YHHD)

### **Viðauki 3 – Niðurstöður úr starfmannakönnun, Starfsmannapúls**

[https://hafnarfjardarkaupstadur-my.sharepoint.com/:p:/g/personal/arnor\\_heidarsson\\_oldutunsskoli\\_is/EXG6dh7uXddApBRFwsbJjnEBG0ry43inOuD2hE8IKncodA?e=mU7q7z](https://hafnarfjardarkaupstadur-my.sharepoint.com/:p:/g/personal/arnor_heidarsson_oldutunsskoli_is/EXG6dh7uXddApBRFwsbJjnEBG0ry43inOuD2hE8IKncodA?e=mU7q7z)